

98

14. maí

**AUGLÝSING****um lækkun aðflutningsgjalda af lituðu sykurvatni með kjörnum.**

Samkvæmt heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 62 30. desember 1939, sbr. 3. gr. laga nr. 6 12. janúar 1945, hefur ráðuneytið ákveðið, að meðan ákvæði auglýsingar nr. 74 6. nóvember 1943 eru í gildi, skuli fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, tolla lituð sykurvatn með kjörnum, nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar, með 7 aura vörumagnstolli hvert kg og 10% verðtolti.

*Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1945.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

99 18. maí **Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorgeirs Ljósvefningagoða“**, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 18. maí 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Minningarsjóð Þorgeirs Ljósvefningagoða.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Þorgeirs Ljósvefningagoða.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutun Aðalheiðar Jónsdóttur, Hrísum, og með forgöngu kvenfélagsins Freyja í Víðidal um alþingishátíðina 1930. Upphæð sjóðsins er nú kr. 500.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leitast við að efla hjá unglingum í Þorkelshólshreppi sannan drengskap, fórnfýsi og heilbriggt mat á fegurð íslenzkrar náttúru. Sé þetta gert til minningar um höfðingjann Þorgeir Ljósvefningagoða, sem vegna skarpskygni sinnar og mannkosta bar giftu til að semja til sátta og friðar á ör-lagaríkri stund í íslenzku þjóðlífi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafi á hendi tvær konur úr stjórn kvenfélagsins Freyja í Víðidal ásamt hreppstjóra Þorkelshólshrepps. Hætti kvenfélagið Freyja störfum þá sé auk hreppstjóra í stjórn sjóðsins sýslunefndarmaður hreppsins og þriðji maður, sem skipaður sé af sýslumanni í Húnavatnssýslu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllu því er sjóðnum kann að áskotnast og ávaxtar hann í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða á annan tryggilegan hátt.

## 6. gr.

99

18. maí

Vextir af sjóðnum leggjast allir við höfuðstól og eins gjafir, er honum kunna að berast, unz hann er orðinn það stór, að stjórn sjóðsins sér fært að hann taki til starfa. Úr því leggjast jafnan  $\frac{1}{2}$  vaxtanna við höfuðstól, en  $\frac{1}{2}$  af þeim má verja til þess að fá hæfan mann til lað halda námskeið fyrir unglina í Þorkelshólshreppi, er leiðbeini þeim, hiðstætt því sem skátar kenna um drengilega hegðun í hvívetna. Jafnframt sé reynt að vekja áhuga þeirra á almennri náttúrufræguð og að prýða kring um heimili sín svo sem með trjá- og blómarækt.

Takist að stofna og starfrækja almennan félagsskap meðal ungliga sveitarinnar á þessum grundvelli nýtur hann hinna útborguðu vaxta sjóðsins, en að öðrum kosti hefur stjórn sjóðsins heimild að verja vöxtum hans til eflingar trjáræktar, til gagns og heimilisprýði. Sé að mati stjórnarinnar um stund ekki aðstaða til þess að nota sjóðinn samkvæmt framangreindum tilgangi, þá er allt að 5 ára vöxtum heimilt til ráðstöfunar, að þeim tíma liðnum falla þeir allir til höfuðstólsins, sem aldrei má skerða. Fer þá eins um næsta 5 ára tímabil o. s. frv.

## 7. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar í Þorkelshólshreppi varðveiti reikninga sjóðsins og séu þeir endurskoðaðir með reikningum hreppsins.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Lækjamóti, 20. okt. 1943.

Jónína Sigurðardóttir Línal,  
formaður.

Margrét Jóhannesdóttir,  
ritari.

Kristín Gunnardóttir,  
gjaldkeri.

## AUGLÝSING

100

29. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað,  
nr. 73 15. júlí 1937.

4. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júlí til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*